

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað 2. másl. efnismgr. b-liðar komi tveir nýir máslíðir sem orðist svo: Skilyrði fyrir útgáfu leyfis er að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar kunna að vera á grundvelli þeirra, að rannsóknastofa sé staðsett hér á landi og að þar sé fullnægjandi aðstaða til varðveislu fósturvísa. Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
2. Við 3. gr.
  - a. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:  
Leyfishafa er óheimilt með öllu að framselja til annarra aðila fósturvísa sem ráðstafað hefur verið til hans.
  - b. 2. másl. 3. efnismgr. orðist svo: Öll gjaldtaka umfram það er óheimil.
3. Við 5. gr. 2. másl. efnismálsgreinarinnar orðist svo: Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt.
4. Við 6. gr. 2. másl. a-liðar orðist svo: Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt.